

## Heimastjórn Fljótshéraðs - 70 (24.6.2026) - Umsagnarbeiðni. Umhverfismatsskýrsla, Vindmyllur við Lagarfossvirkjun

**Málsnúmer** : 202606047

**Málsaðili** : Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt

**Fundardagur** : 24.06.2026

**Inngangur** : Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum vegna áforma Orkusölnunnar um að reisa tvær vindtúrbínur með allt að 9,9 MW framleiðslu við Lagarfoss. Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn sveitarfélagsins á grundvelli 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Frestur til athugasemda er til og með 17. júlí 2026. Þá liggja fyrir drög að umsögn verkefnastjóra skipulagsmála um málið.

**Niðurstaða** : Eftirfarandi tillaga lögð fram:  
Heimastjórn Fljótshéraðs samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn verkefnastjóra skipulagsmála, en vill jafnframt að fram komi í umsögninni að heimastjórn telji að áformin muni hafa mikil neikvæð sjónræn áhrif víða á Fljótshéraði, og einnig verði hljóðræn áhrif verulega neikvæð á nærsvæði. Heimastjórn bendir jafnframt á að samkvæmt samantekt umhverfisáhrifa í matsskýrslu séu öll atriði metin neikvæð.

Heimastjórn Fljótshéraðs leggst gegn fyrirbyggjandi áformum um uppbyggingu vindmylla við Lagarfoss.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.